

Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að öll störf séu metin og flokkuð með sambærilegum hætti og að ákvörðun launa og umbunar sé samkvæmt kjarasamningum og jafnlaunastefnu Menntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er einnig að tryggja kerfisbundna úttekt á launum með launagreiningum hjá Menntaskólanum á Akureyri til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða.

2 ÁBYRGÐ

Fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni og sér um að unnið sé eftir henni.

3 FRAMKVÆMD

Launaákvörðanir geta orðið:

- Við nýráðningu
- Við endurskoðun launa vegna breytinga á ábyrgð (t.d. breytt starfssvið) eða vegna aukins álags
- Ef starfsmaður lýkur viðurkenndu námi sem metið er til launa samkvæmt stofnanasamningum
- Vegna markaðsaðstæðna
- Vegna launaviðtals
- Í kjölfar launagreiningar

Við ákvörðun launa er horft til kjarasamninga, flokkunar starfa skv. jafnlaunakerfinu, tímabundinna þátta eins og álags eða markaðsaðstæðna og persónubundinna þátta (frammistöðu, viðbótarmenntunar, tímabundinna þátta skv. samningum við Einingu-löju, Sameyki og félaga innan BHM).

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri koma að launaákvörðunarferlinu og sitja í launanefnd skólans. Haldið er utan um launaákvörðanir í fundargerðum launanefndar. Við nýráðningu fer skólameistari og/eða fjármálastjóri yfir launaröðun með starfsmanni. Launaröðun miðar við kjarasamning og stofnanasamning stéttarfélags viðkomandi starfsmanns. Grunnröðun er samkvæmt kjarasamningi en síðan bætast við hækkanir byggðar á viðbótarmenntun og starfsaldri samkvæmt stofnanasamningi. Starfsmanni getur verið úthlutað sérverkefnum sem getur haft áhrif á launaröðun.

Fjármálastjóri gerir ráðningarsamning í samræmi við fundargerð launanefndar. Samningurinn er undirritaður af starfsmanni og skólameistara. Ráðningarsamningar starfsmanna eru geymdir í læstum skáp á skrifstofu fjármálastjóra.

Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu

Haldið er utan um launaröðun starfsmanna í skjali sem kallast **Starfsmenn MA – Launaröðun**. Fjármálastjóri uppfærir skjalið í janúar og ágúst á hverju ári. Skjalið er vistað á svæði fjármálastjóra sem aðeins hann hefur aðgang að.

Fyrir hverja önn er kennurum úthlutað námsáföngum til kennslu með kennsluskiptingu. Kennsluskipting ákvarðar kennslumagn næstu annar og yfirvinnu samkvæmt vinnumati. Haldið er utan um vinnumat í Innu. Brautastjórar vinna kennsluskiptingu í samráði við aðra stjórnendur og fagstjóra. Þegar kennsluskipting er tilbúin stillir fjármálastjóri upp vinnumati í Innu. Vinnumatið er tekið fyrir á stjórnendafundi, yfirfarið og samþykkt.

Við breytingu launa sem ekki má rekja til samningsbundinna hækkana í kjarasamningum fylgir rökstuðningur (sjá vísun í tölvupóst) fyrir hækkun eða breytingu á launum. Ef erindi um endurskoðun launa, sem ekki má rekja til samningsbundinna hækkana í kjarasamningum, berst til einhvers aðila í launanevnd skal sá aðili boða til fundar innan við viku frá því að erindi berst. Launanevnd fer yfir erindið og tekur ákvörðun um breytingu launa. Fundir launanevndar eru skráðir í fundargerð. Fjármálastjóri gerir breytingar á launum í launakerfi skólans og skólameistari samþykkir breytingarnar. Tekið er mið af eðli og inntaki starfa skv. mati á störfum og persónubundnum þáttum við mat á störfum eins og kemur fram í stofnanasamningum sem Menntaskólinn á Akureyri hefur gert. Mat á störfum má finna í **Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa**.

Þetta ferli á við um öll erindi sem berast og tengjast launaákvörðun.

Flokkun starfa

Öll störf eru metin út frá sömu jafnlaunaviðmiðum, sem taka mið af kröfum sem gerðar eru til starfsfólks (sjá **Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa**). Við greiningu og flokkun starfa er notast við greiningartól sem kallast Embla. Embla byggir á aðferðafræði um greiningu og flokkun starfa sem sett er fram í viðauka B í jafnlaunastaðlinum ÍST85:2012 og kallast „stigagjöf fyrir hvert viðmið“ og notast er við 1000 stig (100%) til úthlutunar.

Launagreining

Til að vakta og mæla þá þætti sem hafa áhrif á jafnlaunakerfið eru launagreiningar framkvæmdar árlega. Með launagreiningu er átt við kerfisbundna úttekt á launum og kjörum við Menntaskólann á Akureyri með það að leiðarljósi að skoða hvort um kynbundinn launamun sé að ræða, en nánari lýsingu á launagreiningu er að finna í fylgiskjali fyrir launagreiningum hvers árs (**Launagreining 20XX**).

Þegar öll störfin hafa verið metin er niðurstaða matsins borin saman við launakjör og skoðað hver sé orsökinn fyrir mun á launum starfsmanna sem eru í jafnverðmætum störfum.

Eftir framkvæmd launagreininga eru niðurstöðurnar notaðar til að setja fram aðgerðaráætlun. Stjórnendur yfirfara aðgerðaráætlunina og samþykkja í árlegri rýni stjórnenda. Niðurstöður jafnlaunagreininga eru kynntar fyrir starfsfólki. (vísu hér í **Launagreining 20XX**). Árlega er launagreiningin

Verklagsregla um ákvörðun launa og umbunar, jafnlaunaviðmið og jafnlaunagreiningu

yfirfarin í rýni stjórnenda. Fjármálastjóri ber ábyrgð á úrvinnslu frávika sem kunna að koma upp við greiningu launa.

Gerð hefur verið greining á öllum launaliðum til að skoða hvaða greiðslur starfsfólk fær, sjá yfirlit yfir greiðslur aðrar en mánaðarlaun, yfirvinnu, vaktaálag og fasta yfirvinnu **Yfirlit aðrar greiðslur**. Í launagreiningu eru skoðaðar allar tegundir launa sem finna má í launakerfi skólans. Um orlofsréttindi og lífeyrissjóðsgreiðslur er farið skv. kjarasamningum hverju sinni og þau því ekki tekin með í greininguna.

4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.3.1 Jafnlaunaviðmið

4.4.3 Samskipti

4.5.1 Vöktun og mæling

Skjöl og skrár sem tengjast verklagsreglu og vistuð eru á svæðinu Rekstur og fjármál:

Launagreining 20XX

Starfsmenn MA – launaröðun

Yfirlit yfir aðrar greiðslur

Skjöl og skrár sem tengjast þessum kafla og vistuð á sharepoint svæði stjórnenda:

Jafnlaunaviðmið og flokkun starfa

Skjöl í gæðahandbók:

HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis

SS-0008 Jafnlaunastefna Menntaskólans á Akureyri

5 BREYTINGAR